

Heimspeki – val í 6. bekk

Hvað gerir mig að mér? Hvað er sannleikur? Er guð til? og ef svo er, hvers konar fyrirbæri er það? Hvað eru góð rök og hvað er rökleysa? Hvernig lifir maður góðu og réttlátu lífi? Má meiða? Hvað er fegurð? Hefur lífið tilgang? Til hvers er menntun? Til hvers eru stjórnmál?

Í þessum áfanga spyrjum við stórra spurninga um lífið, veröldina og allt. Við tökum fyrir valda þætti í sögu vestrænnar heimspeki frá Grikklandi hinu forna til Íslands á 20. öld. Lögð er áhersla á að nemendur öðlist grundvallarskilning á helstu heimspekikenningum sem hafa mótað viðhorf mannsins. Áhersla er lögð á sjálfstæða hugsun og sjálfstæð vinnubrögð, nemendur eru hvattir til að horfa með gagnrýnum augum á námsefnið jafnt sem eigin skoðanir og viðhorf. Nemendur þjálfast í rökræðum og fá aðstoð við lestur á heimspekilegum textum.

Námsefni

Nemendur lesa texta sem kennari setur á Innu.

Námsmat

Rafræn hlutapróf á Innu (4x10%)

Framsögn nemanda (10%) – sjá verkefnalýsingu

Verkefni um heimspekisögu (15%) – sjá verkefnalýsingu

Verkefni um sýn nemandans (15%) – sjá verkefnalýsingu

Þátttaka: stutt verkefni í tímum og virkni í umræðum (20%)

Mikil áhersla verður lögð á umræður í tímum og því er góð mæting mikilvæg.

Skipulag:

Í hverri viku verður einn einfaldur fyrirlestrartími, þar sem kennari kynnir hugmyndir vikunnar, og einn tvöfaldur umræðutími, þar sem fara fram umræður og lítil verkefni eru unnin. Viðfangsefnin eru (með fyrirvara um breytingar):

Haust:

Vika 1: Hvað er heimspeki?

-- Rökræður --

Vika 2: Merkingarfræði, að koma merkingu skila, ólíkar merkingar

Vika 3: Inngangur að rökfræði, greining röksemda, ályktanir, skoðanir

Vika 4: Setningarökfræði og afleiðsla, rökdæmi og æfing í rökræðum

Vika 5: Tilleiðsla, fráleiðsla og rökvillur

Vika 6: Innsæi, sannfæring og rökvillur

-- Frumspeki --

Vika 7: Inngangur að frumspeki. Efnishyggja og hughyggja

Vika 8: Gátur tilvistarinnar, frumspeki fornaldar (Platon), miðalda og nýaldar

Vika 9: Guð og trú

Vika 10: Vangaveltur nútímamanna um tilvistina

-- Þekkingarfræði --

Vika 11: Hvað er þekking og hvaðan kemur hún? Efahyggja, rökhyggja og raunhyggja

Vika 12: Meðfæddar hugmyndir, orsakir o.fl. hjá Descartes, Hume og Locke

Vika 13: Forskilvitleg þekkingarfræði Kants, skynjun, hugtök og kvíar hugans

Vika 14: Þekkingarfræði fornaldar og nútíma. Löghyggja og óvissa.

-- Menntun --

Vika 15: Nasapæfur af heimspeki menntunar

Vor:

-- Siðfræði --

Vika 1: Inngangur að siðfræði – afleiðingar og skyldur

Vika 2: Hið góða líf. Siðfræði Stóuspekinga, Epikúringa o.fl.

Vika 3: Nytjastefnan

Vika 4: Siðfræði Kants og ýmis álitamál í siðfræði

-- Vísindi --

Vika 5: Nasapæfur af heimspeki vísinda

-- Stjórnmal --

Vika 6: Klassískt frjálsslyndi

Vika 7: Marxismi og frjálshyggja

Vika 8: Réttlátt samfélag

Vika 9: Feminismi

Vika 10: Borgarferðir valfaga verða í þessari viku, efni ákveðið seinna

Vika 11: Alræði, fasismi, vald og Furstinn

Vika 12: Páskafri

-- Tilvistarspeki --

Vika 13: Tilgangur lífsins og Nietzsche

Vika 14: Kierkegaard og trúarstökk

Vika 15: Sartre, tilvistarstefna og póstmóðernismi

Verkefnalýsingar

Framsögn nemanda (10%)

Í hverri viku fjöllum við um einhverja hugmynd úr heimspekisögunni. Í umræðutíma þeirrar viku eru tveir nemendur beðnir að undirbúa punkta eða spurningar til þess að hefja samtalið – þeir nemandur eru „framsögumenn umræðunnar“. Nemendur velja hvaða viku þeir vilja vera framsögumenn.

Verkefni um heimspekisögu (15%)

Nemendur velja sér annað hvort:

- Frumtexta úr heimspekisögunni að eigin vali, lesa hann og vinna úr honum útdrátt og gagnrýni.
- Þekktan heimspeking, skrifa um hann stutt æviágrip og skýra helstu hugmyndir og verk hans.

Á Innu verður listi af textum og heimspekingum til að velja úr, en þó má velja efni sem ekki er á listanum. Lengd og form verkefnisins er frjálst (ritgerð, myndband, hlaðvarp, annað...), svo lengi sem nemandi sýnir að hann hafi lesið efnið, skilið helstu hugmyndir í textanum og komi þeim skikkanlega frá sér. Einnig þarf að koma fram gagnrýni á hugmyndir textans/heimspekingsins og mat nemandans á gildi þeirra. Framsetning útdráttarins þarf að vera þannig að samnemendur geti skilið efnið, og nemandi sýnir þannig að hann geti talað á skýran hátt um flóknar hugmyndir.

Verkefni um sýn nemandans (15%)

Nemendur velja sér eitt stórt málefni af listanum hér að neðan, kynna sér á eigin vegum heimspekilegt efni tengt því og móta sína eigin sýn um málefnið – e.k. manifesto. Lengd og form verkefnisins er frjálst (ritgerð, myndband, listaverk, predikun á torgum úti, annað...). Nemandi lýsir helstu hugmyndum sem koma við sögu og taka þær saman til þess að sannfæra lesandann/hlustandann/áhorfandann um þá sýn sem nemandinn hefur á efninu. Verkefnið er metið eftir þekkingu nemanda á viðfangsefninu og þeirri rökfestu sem hann sýnir við að sannfæra viðmælandann.

Viðfangsefnin eru:

- | | |
|--------------------|--|
| • Stjórnmál | • Þekkingarfræði |
| • Menntun | • Tilgangur lífsins |
| • List | • Hlutverk heimspeki í daglegu lífi |
| • Vísindi | • Gervigreind og framtíðin |
| • Feminismi | • Annað efni sem tengist samfélagsumræðu okkar tíma, með samþykki kennara. |
| • Trúarbrögð | |
| • Hagnýtt siðfræði | |
| • Frumspeki | |